

Nova hf.  
B.t. Benedikts Ragnarssonar  
Lágmúla 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2021  
Tilvísun: 2021120029/10.5.1

**Efni: Bókun um endurnýjun tiltekinna tíðniheimilda Nova**

Í febrúar og mars á næsta ári renna úr gildi talsverður fjöldi tíðniheimilda á íslenskum fjaraskiptamarkaði. Í tilviki Nova hf. er um að ræða eftirfarandi tíðniheimildir fyrir háhraða farnet:

Tíðnisvið	Stærð	Útgáfudagur	Rennur út	Svæði	Tíðnir
900 MHz	2x5	30.3.2007	30.3.2022	Allt landið	880-885 / 925-930 MHz
1800 MHz	2x15	14.2.2012	30.3.2022	Allt landið	1764,1-1779,1 / 1859,1-1874,1 MHz
2100 MHz	2x15+5	30.3.2007	30.3.2022	Allt landið	1940-1955 / 2130-2145 MHz 1900 – 1905 MHz
2100 MHz	2x5	7.7.2017	30.3.2022	Allt landið	1955-1960 / 2145-2150 MHz

FST efndi til opins samráðs um þá ákvörðun að endurnýja framangreindar tíðniheimildir til 31. mars 2023, sbr. niðurstöðuskjal sem birt var þann 9. desember s.l.

Stofnunin hyggst fljótlega kalla tíðnirétthafa farnetsþjónustu saman til fundar til að ræða gerð samræmdrar og tímasettrar áætlunar um útfösun á GSM og 3G þjónustum.

FST vonast til að geta endurnýjað framangreindar tíðniheimildir og þær sem renna út á árinu 2023 til lengri tíma eða allt að 20 ára þegar forsendur fyrir því hafa skapast. Að þessu uppfylltu verður það sett í ferli næsta sumar og fram á haust.

Ekki eru gerðar breytingar á skilmálum þeirra heimilda sem nú er verið að endurnýja til skamms tíma. Bréf þetta gildir sem bókun við tíðniheimildirnar um framlengdan gilstíma þeirra til **31. mars 2023** og verður birt á viðeigandi stað um tíðniheimildir fjaraskiptafyrirtækja á vefsíðu FST.

Virðingarfyllt,  
f.h. Fjaraskiptastofu

---

Björn Geirsson